133 kirkju, að bæði fríkirkjupresturinn og aðrir meðlimir frísafnaðarins eru skyldir að greiða
8. nóv. öll lögboðin gjöld til sóknarprests og sóknarkirkju, þarmeð talin gjöld til viðurhalds kirkjugarðinum, en aptur á móti getur ekki verið umtalsmál, að sóknarprestinum beri borgun fyrir hin svonefndu aukaverk, sem fríkirkjupresturinn framkvæmir, þarsem þau eru ekki viðurkennd sem gild embættisverk.

Ef sóknarprestinum eru gjörðar tálmanir í að gegna embættisstörfum sínum, þarámeðal húsvitjunum, á, ef ástæða þykir til, að höfða sakamál gegn hlutaðeigendum til hegningar eptir 99. gr. 2. lið hegningarlaganna.

134 **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland** *til landshöfðingja* **um eptirgjöf á jarðarafgjöld-**
8. nóv. **um eptir nokkrar þjóðjarðir.** — Með þóknanlegu brjefi 30. júní þ. á hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað bónarbrjef frá 12 leiguliðum á þjóðjörðum í Arnarstapa- og Skógarstrandarumboði, um eptirgjöf um stundarsakir á nokkru af jarðarafgjöldum þeim, er á þeim hvíla, og sökum þess að leiguliðar þessir hafa orðið fyrir stórkostlegu tjóni í harðærinu 1882, þarsem fjenaður þeirra annaðhvort drapst eða varð gagnslaus, og til þess að koma í veg fyrir það, að landssjóðurinn bíði meira tjón, ef jarðirnar sökum bágínda landsetanna legðust í eyði, hafið þjer lagt það til, að beiðendunum verði veitt linun sú í jarðargjöldum, er nú skal greina:

1, að leiguliðanum á Svelgsá í Helgafellssveit verði í 3 ár gefinn eptir helmingur af leigum eptir innstæðukúgildi ábúðarjarðar sinnar, en leigurnar eru 100 pund smjörs, sem árlega greiðast í smjöri eða peningum eptir smjörverði verðlagsskrár.

2, að leiguliðanum á Hólum í sömu sveit verði í 2 ár gefinn eptir þriðjungur af leigum eptir innstæðukúgildi nefndrar jarðar, en leigurnar eru 60 pund smjörs á ári, sem greiðast á sama hátt.

3, að leiguliðanum á Selvöllum í sömu sveit verði um 1 ár gefinn eptir þriðjungur af leigum eptir ábúðarjörð sína, sem eru 30 pund smjörs, er greiðast á sama hátt.

4, að leiguliðanum á Horni í sömu sveit verði um 1 ár eptirgefinn helmingur af leigum eptir jörð þessa, sem eru 30 pd. smjörs, sem greiðast á sama hátt.

5, að leiguliðanum á Seljum í sömu sveit verði um 1 ár gefnar eptir leigur eptir 2 innstæðukúgildi, og að hann verði um 3 ár frá næstkomandi fardögum losaður við þessi kúgildi, og þau færð yfir á þær jarðir í umboðinu, sem í hlutfalli við aðrar vantar innstæðukúgildi.

6, að fyrverandi leiguliða á Hallbjarnareyri, Guðm. Oddssyni, verði enn um 2 ár eptirgefnar allar leigur eptir 5 af kúgildum jarðarinnar, sem eru 100 pd. smjörs, sem greiðast á áðurnefndan hátt.

7, að leiguliðanum á Hellnafelli í Eyrarhreppi verði um 1 ár eptirgefinn helmingur af leigum eptir ábúðarjörð sína, sem eru 80 pd. smjörs árlega og greiðast á sama hátt.

8, að leiguliðanum á Innri-Bug í Neshrepp innan Ennis verði í 2 ár gefinn eptir fjórði hluti af leigum eptir ábúðarjörð sína, sem eru 40 pd. smjörs árlega, sem greiðast á sama hátt.

9, að leiguliðanum á Kálfárvöllum í Staðarsveit verði í 3 ár gefinn eptir helmingur leigna eptir innstæðukúgildi jarðar þessarar, sem eru 80 pd. smjörs árlega og greiðast á sama hátt.

10, að leiguliðanum á Dalsmynni í Eyjahrepp verði gefinn eptir 1 árs landsskuld eptir jörð þessa, sem er 3 vættir á ári, sem greiðast eptir meðalverði allra meðalverða, og 1 mannslán, sem borgast með 2 kr. í peningum. 134 8. nóv.

11, að leiguliðanum á Saurum í Helgafellssveit verði gefin eptir leiga sú eptir 6 innstæðukúgildi nefndrar jarðar, sem greiðast átti haustið 1882, og er 120 pd. smjörs eða í peningum eptir þágildandi verðlagsskrárverði á smjöri 70 kr. 80 a. og

12, að leiguliðanum á Fjarðarhorni í sömu sveit verði eptirgefnar leigur eptir 3 kúgildi ábúðarjarðar hans fyrir sama ár, sem er 60 pd. smjörs eða í peningum eptir þágildandi verðlagsskrá 35 kr. 40 a.

Af þessu tilefni er eigi látið hjá líða þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar fyrir þeim, sem hlut eiga að máli, að ráðgjafinn fellst á ofangreindar tillögur yðar í þessu efni vegna hinna sjerstöku kringumstæðna, sem að ofan eru teknar fram.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* **um þóknun til þjóðjarðalandseta fyrir að bæta skemmdir á ábýlisjörðum þeirra.** — Með þóknanlegu brjefi 26. sept. þ. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað nokkur bónarbrjef frá leiguliðunum á þjóðjörðum í Arnarstapa- og Skógarstrandarumboði, sumpart um endurgjald fyrir tilkostnað við að endurbæta skemmdir þær, sem orðið hafa af náttúrunnar völdum á ábýlisjörðum þeirra, sumpart um styrk til að gjöra hentugar ráðstafanir til að afstýra því, að jarðirnar framvegis verði fyrir slíkum skemmdum. Þjer hafið í þessu efni fallizt á uppástungur þær, sem hlutaðeigandi umboðsmaður hefur gjört og amtmaðurinn yfir suður- og vesturamtinu mælt fram með, og hafið þessvegna lagt það til: 135 8. nóv.

1, að Jóhanni bónda Þorsteinssyni á Ytri-Knarartungu verði veitt 125 kr. endurgjald úr umboðssjóði fyrir kostnað þann, sem hann hefur lagt í að endurbæta skemmdir á ábúðarjörðu sinni.

2, að Magnúsi bónda Jóhannessyni á hjáleigunni Fossi í Neshrepp ytri verði heitið 75 kr. þóknun úr umboðssjóði, ef hann hreinsar tún ábúðarjarðar sinnar fyrir grjóti, sem á það hefur borizt, og hleður öflugan varnargarð til að verja túnið fyrir grjótárennsli framvegis, með þeim skilyrðum, að hann með lögmætri skoðunargjörð sanni, að verk þessi sjeu vel af hendi leyst og að tilkostnaðurinn við þau hafi numið meiru en ofannefnd upphæð.

3, að leiguliðanum á Kárstöðum í Helgafellssveit verði með sömu skilyrðum heitið 45 kr. þóknun úr umboðssjóði, ef hann hreinsar tún ábúðarjarðar sinnar fyrir grjóti og aur, sem á það hefur runnið, og ennfremur 200 kr., ef hann hleður garða þá, sem nauðsynlegir eru til að verja túnið grjótárennsli framvegis.

4, að leiguliðinn á Hamraendum í Breiðuvíkurhrepp verði losaður við eitt af innstæðukúgildum jarðarinnar sökum skemmda þeirra, sem hún hefur orðið fyrir, en að umboðsmaðurinn setji kúgildi þetta á leigu annarsstaðar gegn fullu eptirgjaldi.

Af þessu tilefni skal eigi látið hjá líða þjónustusamlega að tjá yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að ráðgjafinn fellst á ofannefndar tillögur yðar.